

Pröstur Haraldsson:

Bréf af bökkum Maas

Fyrir allmörgum árum fór Guðlaugur Arason rithöfundur til Parísar og skrifaði um ferðina í Norðurslóð þar sem hann bar saman Dalvík og París. Flest fannst honum harla líkt með þessum tveimur plássum og raunar aðeins eitt sem hann rakst á í París sem ekki átti sér hlíðstæðu á Dalvík: holræsakerfi stórborgarinnar.

Nú skilst mér að til standi að breyta því enda í bígerð eða þegar hafnar stórfelldar endurbætur á holræsakerfi Dalvíkur að kröfu Evrópusambandsins sem neitar að kaupa fisk af Dalvíkingum nema þeir komi sér upp holræsum sem standast samjöfnuð við stórborgir Evrópu. Þessi samburðarfræði skáldsins komu mér í hug þegar ég fór að huga að pistli í Norðurslóð. Kannski er það skortur á skáldlegu innsæi en ég sé ekki margt ýkja líkt með þessum tveimur plássum, Dalvík og borginni Maastricht í Hollandi. Það væri þá helst að í gegnum þau bæði rennur á. Sú sem rennur framhjá mér var þó brúuð heldur fyrr því hingað komu rómverskir brúarsmiðir skömmu eftir fæðingu frelsarans og brúuðu ána. Í framhaldi af því varð hér til pláss sem dró nafn sitt af þessum framkvæmdum. Maastricht mun nefnilega merkja „þar sem hægt er að fara yfir Maas“.

Tilbúið land

Eitt er það sem skortir hér átakalega en Dalvík hefur fengið ríkulegan skammt af. Hér er fjallahringurinn ansi fátæklegur. Þó er einn hóll sýnilegur hér niður með á og örlitlar brekkur á stangli. Að því leyti stingur Limburg, en svo heitir héraðið sem umlykur Maastricht, í stúf við afganginn af Hollandi. Hér ekur maður tímunum saman eftir hraðbrautum þar sem ekkert skagar upp úr umhverfinu annað en gróðursett tré og mannvirki. Enda býr meirihluti Hollendinga á landi sem bókstaflega er

orðið til af mannavöldum, uppfyllingum og endurheimtu landi afgirtu með stíflugörðum.

Hins vegar hefur Holland talsvert meira af fólki en alla jafna er á ferðinni í kringum Kaupfélagið. Raunar sýnist mér að Holland og vesturhluti Þýskalands - Ruhrhéraðið - muni vera eitthvert þéttbýlasta svæði jarðarinnar og það setur töluvert mark á mannlífið. Hér búa um 370 manns á hverjum ferkílómetra lands. Þetta er nokkuð ólíkt því sem gerist á Dalvík og nærsveitum þar sem íbúar eru tæplega þrír á hvern ferkílómetra.

Að sjálfsögðu verður að taka það fram að ólíkt því sem gerist á Íslandi er að heita má hver ferentimetri lands nýttur og það gernýttur hérlendis.

Nægjusemi og lífillæti

Eins og ég sagði hefur þetta þröngbýli sett mark sitt á mannlífið og þjóðarsálina. Þetta sést strax og menn koma inn í hollenskan bæ og líta á húsin. Þau eru svo mjó. Algengt er að þau séu ekki breiðari en svo að fullvaxinn karlmaður geti legið endilangur þversum í þeim. Þau geta hins vegar verið nokkuð djúp en þau eru sjaldan há.

Þetta síðastnefnda er merkilegt vegna þess að víða um lönd hefðu menn brugðist við landleysinu með því að byggja upp í loftið. Það hafa Hollendingar ekki gert. Hér eru háar íbúðablokkir ekki algengar og í flestum borgum og bæjum eru það kirkjuturnarnir sem skaga hæst upp úr bæjarmyndinni og engir skýjakljúfar sjáanlegir. Mér er sagt að Hollendingar vilji ekki búa fjarri jörðinni. Kjörbýli þeirra er raðhús á tveimur hæðum með örlítilli garðholu fyrir framan og annarri enn smærri bakatil þar sem hægt að koma fyrir tveim stólum, borði og nokkrum túlipönum í beði.


Þröngbýlið hefur líka gert Hollendinga afar útsjónarsama

þegar kemur að því að nýta pláss. Þeir eru nægjusamir á fermetra og geta gert sér ótrúlega mikinn mat úr því sem Dalvíkingar afskrifa sem ónothæfar skonsur. Þessi nægjusemi smitar svo út frá sér á önnur svið mannlífsins. Reyndar bjuggu Hollendingar til heil trúarbrögð sem ganga fyrst og fremst út á nægjusemi og forakt á allar holdsins lystisemdir, hvort sem er í mat, drykk eða öðru. Þetta ásamt flatlendu hefur leitt til þess að hér láta menn sér nægja hjól sem fararskjóta í mun meira mæli en vaninn er á Dalvík. Það má jafnvel segja að hjólreiðar séu reglan og að aðrir „umferðaraðilar“ eins og þeir eru stundum nefndir í opinberum plöggum séu undantekningin. Í það minnsta finnst yfirvöldum hér að hjólreiðamenn séu orðnir helst til heimaríkir í umferðinni og vilja að þeir fari að fylgja almennum umferðarreglum - svo sem um umferðarljós - og noti hjálma en hér er algengt að sjá fólk tví- og þrímennta á hjólum í þungri umferð, jafnvel með kornabörn, og hvarflar ekki að þeim að nota hjálma, hvað þá að drepa í sígar-ettunni.

Reglufesta og hlýðni

Þröngbýlið hefur líka gert Hollendinga kurteisa og lífilláta. Þeir eru ekki mikið fyrir að breiða úr sér með armsveiflum eins og algengt er hjá sumum öðrum þjóðum - ég nefni engin nöfn. Í staðinn fyrir að kaupa sér dýra jeppa eða byggja stór hús á víðfeðmum lóðum sýna þeir velmegun sína á hógvævari hátt, til dæmis með því að rækta litla garðinn sinn vel og skreyta hús sín á vandaðan og dýran hátt (ekki bara um jólin), gjarnan þannig að aðrir sjái ef þeir hafa augun opin.

Þeir hafa líka neyðst til að fylgja reglum sem yfirvöld setja. Líkt og Danir geta þeir sett á endalausar umræður um nýjar reglur og lög en þegar einu sinni



Maas var brúuð snemma en þessi brú var gerð rétt eftir að Noregskonungur tók öll völd á Íslandi seint á 13. öld. Hægra megin er síðari tíma viðbót, höggmyndin Andi Maastricht, en í beinu framhaldi af henni er lyftubrú sem auðveldar umferð fljótapramma og annarra farkosta um Maas. Miklir vöruflutningar fara fram um stórfljót og skipaskurði Evrópu og Holland er þar síður en svo nokkur undantekning.

er búið að setja lögin þá er þeim fylgt. Sumir vilja halda því fram að hið kurteisa og vingjarnlega fas sem einkennir þjóðina sé einungis á yfirborðinu. Um leið og einhver reyni að fara á svig við gildandi reglur sé kurteisinn fljót að víkja fyrir ópolinmæði og stífni. Einn landi okkar fékk það framan í sig að hollenskir vissu reyndar ekki hvernig málum væri háttað á Íslandi en að hér hefðu menn lög og reglur og færu eftir þeim. Það er með öðrum orðum ekki vinsælt að sveigja lögin til svo þau passi við umsvifin hans Nonna frænda.

En þessi reglufesta þeirra er orðin til af illri nauðsyn. Hvernig haldið þið annars að fólki liði í þessu þéttbýli ef allir þyrftu sama olnbogarúm og menn gera kröfu um á Íslandi?

Hreppamörkin mást út

Þrátt fyrir þröngslin og plássleysið hefur Hollendingum tekist að koma sér upp ágætu vel-

megunarsamfélagi þar sem fólk hefur það gott þótt fiskur við strendur landsins fari þverrandi og búið að banna þorskveiðar. Hér er atvinnuleysi lítið - innan við 4% - og allir hafa nóg að gera. Að vísu finnst mörgum nóg að vinna bara hálfan daginn eða þaðan af skemur og fara svo á eftirlaun um sextugt.

Þeir eru líka ákaflega ánægðir með Evrópusambandið sitt og vilja helst þurrka út öll landamæri í Evrópu, að ekki sé talað um gjaldmiðlana. Eru reyndar komnir vel á veg með það hér í nágrenninu því maður valsar yfir til Belgíu eða Þýskalands án þess að verða var við nein landamæri. Í mesta lagi að það sé fest upp skilti með nýjum umferðarreglum. Að því leyti er þetta orðið svipað og að bregða sér út í Ólafsfjörð eða inn á Akureyri - hreppamörkin eru óðum að hverfa og enginn sér eftir þeim. Og svo orðum nóbelskaldsins sé snúið upp á nútímann: ...og Evran mun ríkja ein.